

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2005-2025.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 18. maí 2007 staðfest aðalskipulag Hafnarfjarðar 2005-2025.

Uppdrættir og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar hefur samþykkt aðalskipulagsáætlunina og Skipulagsstofnun afgreitt hana til staðfestingar.

Aðalskipulagið öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Hafnarfjarðar 1995-2015 frá 23. desember 1997, með síðari breytingum. Ráðherra hefur veitt undanþágu frá ákvæðum laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, sbr. 3. mgr. 13. gr.

Umhverfissráðuneytinu, 18. maí 2007.

Jónína Bjartmarz.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 6. júní 2007